

**STARFSKJARASTEFNA
FYRIR ÖLGERÐINA EGILL SKALLGRÍMSSON HF (Ölgerðin)**

1. Tilgangur og markmið.

- 1.1 Starfskjarastefna Ölgerðarinnar er sett samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 1.2 Markmið starfskjarastefnunnar eru að starfskjör hjá félagini og dótturfélögum þess séu þannig uppbýggð að þau stuðli að því að rekstrar- og árangursmarkmiðum á hverjum tíma verði náð og að hluthafar hafi áhrif á og innsýn í stefnu félagsins um starfskjör forstjóra, annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna. Starfskjarastefnan tekur mið af langtímahagsmunum samstæðunnar, hluthafa, viðskiptavina og starfsfólks þess.
- 1.3 Starfskjarastefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti fengið til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk sem stuðlar í störfum sínum að framgangi og velgengni samstæðunnar.

2. Umfang og endurskoðun.

- 2.1 Starfskjarastefna þessi skilgreinir grundvallaratriði varðandi starfskjör forstjóra, annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins og dótturfélaga þess og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum. Starfskjarastefnan nær þannig yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnar félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda. Til annarra æðstu stjórnenda í skilningi starfskjarastefnu þessarar teljast það starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess sem sæti eiga í framkvæmdastjórn félagsins.
- 2.2 Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar og samþykkt af stjórn ár hvert og síðan lögð fyrir aðalfund til samþykktar.

3. Starfskjaranefnd stjórnar.

- 3.1 Stjórn félagsins skal tilnefna allt að þrjá einstaklinga til setu í starfskjaranefnd. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda.
- 3.2 Stjórn félagsins samþykkir starfsreglur starfskjaranefndar. Ber stjórn félagsins ábyrgð á störfum starfskjaranefndar og starfar nefndin í umboði stjórnar.

- 3.3 Starfskjaranefnd skal undirbúa tillögur stjórnar um starfskjarastefnu félagsins og um starfskjör forstjóra, stjórnar og undirnefnda stjórnar, sbr. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- 3.4 Stjórn félagsins ásamt starfskjaranefnd skal fylgjast með að starfskjör hjá félagini séu innan ramma starfskjarastefnunnar.

4. Starfskjör stjórnar og undirnefnda stjórnar.

- 4.1 Þóknun stjórnar og undirnefnda stjórnar skal ákveða á aðalfundi ár hvert.
- 4.2 Stjórn gerir tillögu um stjórnarlau og laun undirnefnda stjórnar fyrir komandi starfsár, að fengnum tillögum starfskjaranefndar. Í þeim eftum skal m.a. taka mið af þeiri ábyrgð sem á stjórn og undirnefndum hvílir, þeim tíma sem varið er til starfans, afkomu félagsins og markmiðum starfskjarastefnu þessarar.

5. Starfskjör forstjóra.

- 5.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra félagsins, þar sem tilgreina skal starfskjör hans, þ.m.t. grunnlaun, breytileg laun, greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrest, sem og grundvöll endurskoðunar einstakra starfskjarabátta, ef við á.
- 5.2 Grunnlaun og önnur starfskjör forstjóra skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á og taka mið af hæfni, ábyrgð, umfangi starfans, árangri í starfi og innri þáttum í starfsemi félagsins, svo sem launadreifingu.
- 5.3 Önnur starfskjör skulu vera svo sem tíðkanleg eru hjá sambærilegum félögum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi og að uppsagnarfrestur sé að hámarki 12 mánuðir.

6. Starfskjör annarra æðstu stjórnenda.

- 6.1 Forstjóri ræður aðra æðstu stjórnendur félagsins og semur við þá um starfskjör.
- 6.2 Gera skal skriflega ráðningarsamninga við æðstu stjórnendur, þar sem tilgreina skal starfskjör þeirra, þ.m.t. varðandi grunnlaun, breytileg laun, greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrest, sem og grundvöll endurskoðunar einstakra starfskjarabátta, ef við á.
- 6.3 Grunnlaun og önnur starfskjör þeirra skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á og skulu taka mið af hæfni, ábyrgð, umfangi starfans, árangri í starfi og innri þáttum í starfsemi félagsins svo sem launadreifingu.

- 6.4 Við ákvörðun starfskjara æðstu stjórnenda skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en ráðningarsamningur kveður á um og skal uppsagnarfrestur vera að hámarki 6 mánuðir. Heimilt er að gera starfslokasamninga við æðstu stjórnendur en skulu greiðslur á grundvelli þeirra samninga taka mið af kjörum viðkomandi, uppsagnarfresti og aðstæðum að baki starfslokum.

7. Breytileg starfskjör - Kaupaukar til stjórnenda.

- 7.1 Heimilt er að greiða forstjóra og öðrum æðstu stjórnendum félagsins og dótturfélaga þess sem starfskjarastefna þessi tekur til kaupauka á grundvelli sérstakra fyrir fram skilgreindra viðmiða sem stjórn félagsins ákveður að fenginni umsögn starfskjaranefndar, í formi árangurstengdra greiðslna, afhendingar hluta í féluginu eða veitingu kaupréttar, með það að markmiði að tengja hagsmuni stjórnenda við langtíma markmið félagsins og hluthafa þess. Skulu kaupaukar miðast við afkomu félagsins og frammistöðu viðkomandi starfsmanns við að ná fyrir fram settum markmiðum. Markmiðin eru ákvörðuð af forstjóra og tengjast stefnu félagsins s.s. tengd sölu, markaðshlutdeild, sjálfbærni og hagræðingarverkefnum. Markmið forstjóra eru ákvörðuð af stjórn.
- 7.2 Við ákvörðun kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samkvæmt framangreindu skal miðað við að fjárhæð árlegra kaupaukagreiðslna geti að hámarki numið þriggja mánaða grunnlaunum eða 25% af grunnlaunum viðkomandi.

8. Breytileg starfskjör – Kaupréttir stjórnenda.

- 8.1 Stjórn félagsins skal vera heimilt að fenginni umsögn starfskjaranefndar að gera kaupréttarsamninga við forstjóra og einstaka stjórnendur félagsins og dótturfélaga þess um kaup á hlutafé í Ölgerðinni, svo fremi sem hluthafafundur félagsins hafi veitt stjórn heimild til að gefa út nýtt hlutafé til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð slíkra kaupréttarsamninga.
- 8.2 Skulu kaupréttarsamningarnir fela í sér að veittur kaupréttur ávinnist og verði innleysanlegur í áföngum. Skal kaupréttarhafa almennt ekki heimilt að neyta kaupréttar að hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma frá því kaupréttur var veittur. Skilmálar kaupréttarsamninga við einstaka starfsmenn skulu að öðru leyti ákvarðaðir af stjórn, innan þeirra marka sem fram koma í samþykktum félagsins.
- 8.3 Stjórnarmenn skulu ekki njóta greiðslna með hlutabréfum, kaupréttar eða annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í féluginu eða þróun verðs á hlutabréfum í féluginu.

9. Launajafnrétti.

- 9.1 Ölgerðin hefur sett sér jafnlaunastefnu sem tekur til alls starfsfólks og hefur hlotið og viðheldur jafnlaunavottun.

- 9.2 Starfsfólk Ölgerðarinnar skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf óháð kyni. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kynferði, kynþætti, þjóðerni, trú, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu því ekki fela í sér ómálefnalega mismunun.
- 9.3 Jafnréttis skal gætt við úthlutun hvers konar þóknana og hlunninda, beinna eða óbeinna, og starfsmenn skulu njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt óháð kynferði, kynþætti, þjóðerni, trú, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

10. Upplýsingagjöf.

- 10.1 Á aðalfundi félagsins er gerð grein fyrir kjörum stjórnarmanna og eftir atvikum forstjóra félagsins og stjórn skýrir frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamíklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðabók ásamt rökstuðningi, sbr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

11. Samþykkt starfskjarastefnu.

- 11.1 Þessi starfskjarastefna Ölgerðarinnar er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga.

Þannig samþykkt á aðalfundi

Reykjavík, í maí 2024